



Stofnfiskur hf.
Staðarbergi 2-4
221 Hafnafjörður

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 1. júlí 2020
Tilv.: UMH20060086/8.14

Við er til erindis yðar frá 15. júní sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir Stofnfiskur hf. Kirkjuvogi á meðan að það er verið að vinna að útgáfu leyfa. Í framangreindu erindi kemur fram að við eftirlit Umhverfisstofnunar hjá Stofnfiski í Kirkjuvogi 8. nóvember 2018 hafi komið í ljós frávik á þann veg að starfsleyfi Kirkjuvogs sé runnið út. Rekstrarleyfi sem Kirkjuvogur hafi sé nr. IS-36073 og hafi verið gefið út af Fiskistofu. Breytt leyfi hafi verið gefið út 11. febrúar 2011. Í gildandi rekstrarleyfi hafi Kirkjuvogur 200 tonna leyfi sem skiptist í 150 tonn á laxi, 5 tonn á bleikju, 5 tonn af þorski og 40 tonn af hrognkelsum. Til að bregðast við framangreindu frávikum sótti Stofnfiskur um endurnýjun á starfs- og rekstrarleyfinu með framleiðslu á laxi 160 tonn og 160 tonna framleiðslu af hrognkelsaseiðum, hrognum og klakfiski. Einungis verði ein tegund í eldinu í einu í Kirkjuvogi. Stofnfiskur hafi skilað inn sameiginlegri matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar fyrir stöðvar við Seljavog og Kirkjuvog þann 3. júlí 2019. Svar hafi borist 27. september 2019 með ábendingum um lagfæringar. Matskyldufyrirspurn hafi verið skilað inn aftur 30. desember 2019 og hafi Stofnfiskur fengið svar um ákvörðun um matskyldu 30. apríl 2020. Stofnfiskur þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum með starfsleyfið eða áætlaða framkvæmd. Umsókn um starfsleyfi hafi verið skilað inn fyrir Kirkjuvog 27. febrúar 2020 og rekstrarleyfisumsókn 27. febrúar 2020. Umhverfisstofnun og Matvælastofnun séu að vinna í umsóknunum. Rekstraraðili hafi verið í reglulegu sambandi við umræddar stofnanir og látið vita af stöðu mála þegar umsóknirnar voru í vinnslu. Umhverfisstofnun hafi metið umsókn um starfsleyfi fullnægjandi.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar. Ráðuneytið vakti athygli Matvælastofnunar á því að hluti erindis varðar rekstrarleyfi sem fellur ekki undir löggjöf umhverfis- og auðlindaráðuneytis heldur lög um fiskeldi og ekki er heimilt að veita undanþágu samkvæmt þeim lögum.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 30. júní sl. Þar kemur fram

að samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skuli útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Stofnfiskur hf. í Kirkjubogvígi hafi þann 14. janúar 2005 fengið útgefið starfsleyfi til átta ára af Heilbrigðisnefnd Suðurnesja, samkvæmt þágildandi reglugerð 785/1999. Með bréfi dags. 8. maí 2020 hafi Umhverfisstofnun samþykkt að umsókn Stofnfisks hf. í Kirkjubogvígi væri fullnægjandi. Þá liggi fyrir niðurstaða Skipulagsstofnunar um matskyldu starfseminnar dags. 30. apríl 2020. Umhverfisstofnun geri ekki athugasemd við að tímabundin undanþága verði veitt í þessu tilviki, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, á meðan vinnsla starfsleyfis fari fram þar sem skilyrði fyrir undanþágu frá starfsleyfinu séu uppfyllt.

Umsögn Matvælastofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 23. júní sl. Þar kemur fram að gildandi rekstrarleyfi Stofnfisks í Kirkjubogvígi hafi verið gefið út 11. febrúar 2011 og síðast breytt 10. september 2014. Það heimili landeldi á laxi (150 tonn), bleikju (5 tonn), þorski (4,9 tonn) og hrognkelsi (40 tonn) eða allt að 200 tonn á ári. Stofnfiskur sótti um breytingu á rekstrarleyfi fyrir Kirkjubogvígi 25. júlí 2018 fyrir 160 tonnum af hrognkelsi og 160 tonnum af laxi og vinni Matvælastofnun að vinnslu umsóknarinnar. Skipulagsstofnun hafi gefið út ákvörðun sína vegna framkvæmdarinnar 30. apríl 2020 þar sem fram komi að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í beiðni Stofnfisks komi fram að einnig sé óskað eftir undanþágu frá rekstrarleyfi. Um rekstrarleyfi gildi lög nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi og í þeirri löggjöf er ekki gert ráð fyrir að hægt sé að sækja um undanþágu frá rekstrarleyfi. Matvælastofnun telji að bregðast eigi á jákvæðan hátt við beiðni Stofnfisks um undanþágu frá starfsleyfi á meðan rekstraraðili vinnur á virkan hátt að umsóknum sínum um starfsleyfi og rekstrarleyfi.

Fram er komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til Umhverfisstofnunar fyrir starfsemi Stofnfisks í Kirkjubogvígi, Skipulagsstofnun hefur gefið út ákvörðun vegna framkvæmdarinnar þar sem fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum og fyrirtækið hefur gilt rekstrarleyfi.

Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita Stofnfiski hf., kt. 6203911079, umbeðna tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi í Kirkjubogvígi á Reykjanesi fyrir allt að 200 tonna framleiðslu að því tilskildu að fyrirtækið fylgi ákvæðum samræmdra starfsleyfisskilyrða fyrir fiskeldi á landi. Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. júlí 2021.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Agnar Bragi Bragason

